Bekkur: 9. bekkur

Námsgrein: náttúrufræði

Lykilhæfni: Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Efnisþættir Verklags	**Hæfniviðmið**	**Kennsluhættir**	**Námsmat**
	Nemandi geti: • Lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju, endursagt og rætt helstu atriðið í margvíslegu samhengi. • Lesið úr myndritum og myndefni um náttúrufræði í margvíslegu samhengi. • Beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður. • Skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingasköpun. • Kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt. • Framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum frá athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum. • Sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingaleit og útvinnslu verkefna	Leitast eftir að viðhafa sem allra fjölbreyttasta kennsluhætti • Innlagnir kennara • Umræður • Lestur • Rannsóknaverkefni • Vettvangsathuganir • Verklegar athuganir • Könnunaraðferðir	Símat allt skólaárið • Einstaklingsverkefni • Hópaverkefni • Kannanir • Virkni og þátttaka

	• Tekið þátt í umræðum um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins		
Efnisþættir viðfangsefna	**Hæfniviðmið**		
	Nemandi geti: • Útskýrt gerð frumna líffæri þeirra og starfsemi • Lýst hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans • Þekki helstu líffæri meltingakerfisins og hlutverk þess • Þekki helstu líffæri blóðrása kerfisins og hlutverk þess • Þekki helstu líffæri öndunarkerfisins og hlutverk þess • Þekki helstu líffæri stoð- og hreyfikerfisins og hlutverk þess • Þekki helstu líffæri heila og taugakerfisins og hlutverk þess • Þekkir skynfæri manna og hlutverk þeirra • Rætt kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilbægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna • Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum • Útskýrt bylgjur rafsegulrófsins og hljóðs og lýst eiginleikum þeirra • Gert grein fyrir gagnsemi og hættum við bylgjur • Útskýrt kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna • Mælt og reiknað eðlismassa efna og útskýrt muninn á massa og þyngd		